

21. gr.

Bannað er að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar eða setja hreyfivélar í samband við hana, nema með leyfi bæjarstjórnar eða þess aðila, sem bæjarstjórn hefur falið slökkvistarf í bænnum.

22. gr.

Bæjarstjórn getur sett nánari reglur um framkvæmd þeirra mála er reglugerðin fjallar um.

Jafnframt getur hún veitt undanþágu frá reglugerðinni, ef hún telur gildar ástæður til slíks.

23. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 10 000 krónum, nema þyngri refsing liggji við að lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Bolungarvíkur, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir Vatnsveitu Bolungarvíkur frá 31. júlí 1969.

Félagsmálaráðuneytið, 23. janúar 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Vatnsveitu Bolungarvíkur.

Vatnsskattur.

1. gr.

Fyrir hvert hús sem fær vatn frá Vatnsveitu Bolungarvíkurkaupstaðar skal greiða tengigjald, kr. 20.00 á hvern rúmmetra húss, allt að 2000 rúmmetra að stærð, en kr. 12.00 á hvern rúmmetra sem þar er umfram. Lágmarkstengigjald er kr. 10 000.00.

2. gr.

Árlegur vatnsskattur skal reiknast af heildarmati hvernar fasteignar, þ. e. mat mannvirkja og lóðar skv. lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1963.

Upphæð vatnsskattsins skal vera 0.30% af framangreindu mati. Lágmarksupphæð fyrir hverja skattskylda fasteign skal aldrei vera lægri en kr. 1 200.00.

Aukavatnsskattur.

3. gr.

Aukavatnsskatt samkvæmt 2. gr. skal greiða fyrir verksmiðjur, iðnfyrirtæki (vinnslustöðvar), útgerðarstöðvar, sláturhús, frystihús, efnalaugar, þvottahús, bifreiðþvottaplön, svo og aðrir, sem nota vatn til annars en heimilisþarfa.

4. gr.

Aukavatnsskatt skal innheimta samkvæmt mæli eða áætlun vatnsveitunnar með kr. 4.00 fyrir hvern teningsmetra vatns að 500 teningsmetrum, en kr. 3.00 fyrir hvern rúmmetra þar yfir.

5. gr.

Vatnsveitan lætur notendum í té löggilta vatnsmæla og er ársleigan fyrir hvern mæli kr. 1 000.00.

6. gr.

Vatnsveitan ákveður verðskilmála og tilhögun á vatnssölu til skipa í samráði við hafnarnefnd.

7. gr.

Fyrir önnur vatnsnot en þau sem talin eru hér að framan skal hverju sinni greiddur aukavatnsskattur eftir ákvörðun vatnsveitunnar.

8. gr.

Framantalin gjöld miðast við byggingarvísitölu 1455 stig en heimilt er bæjarstjórn að hækka þau eða lækka í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu um allt að 50%, öll eða hvert um sig, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

9. gr.

Gjaldár vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjaldldagi vatnsskattsins er 15. janúar ár hvert og greiðist hann í einu lagi fyrir líðandi ár. Vatnsskattur samkvæmt 3. gr. fellur í gjalddaga mánaðarlega við aflestur mælis.

Vatnsskattinn má taka lög taki og er hann tryggður með lögveði í eignum næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

10. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskattsins vegna húss síns. Eigandi fyrirtækis ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts vegna atvinnureksturs síns. Útgerðarmaður skips eða skipstjóri ber ábyrgð á greiðslu vatns til skips.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjaldskrá þessi, sem samín er og samþykkt af bæjarstjórn Bolungarvíkur, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Gjalddagi vatnsskatts á árinu 1975 er 15. febrúar.

Félagsmálaráðuneytið, 23. janúar 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.